

Fimmtudaginn 5. desember 1996.

Nr. 436/1996.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Árna Ólafi Jónssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1996, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 30. desember nk. kl. 14.10. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fallist verður á það með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum 106. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, meðan á fresti hans til áfrýjunar stendur, samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, þar á meðal um þá stund dags, sem gæsluvarðhaldi lýkur, enda hefur sóknaraðili ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti.

Það athugast, að 2. þessa mánaðar um kl. 11.00 var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur yfir varnaraðila, þar sem honum var gert að sæta fangelsi í þrjú ár. Fram til þess tíma hafði varnaraðili verið í gæsluvarðhaldi, sem lauk við uppkvaðningu dómsins, sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991. Við dómsuppsögu var ekki sótt þing af hálfu sóknaraðila, en sama dag kl. 13.00 var tekin fyrir á dómþingi krafan um framlengingu gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, sem er til úrlausnar í máli þessu. Á tímaskeiðinu frá uppkvaðningu dómsins, þar til krafan var tekin fyrir, var varnaraðili í haldi að ósk ríkis-

saksóknara og samkvæmt ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins. Brast lagaheimild fyrir þeirri frelsissviptingu. Er þessi framkvæmd vítaverð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Árni Ólafur Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 30. desember 1996 kl. 14.10.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 2. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að dómari ákvarði, að gæsluvarðhald það, er dómfelldi, Árni Ólafur Jónsson, kt. 270759-2119, situr nú í samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og rennur út í dag, haldist samkvæmt 106. gr. sömu laga, meðan á fresti stendur, samkvæmt 153. gr. sömu laga.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í dag, var Árni Ólafur Jónsson, kt. 270759-2119, dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir líkamsárás „með því að hafa laugardaginn 20. júlí sl. á III. hæð til vinstri í húsinu nr. 60 við Kleppsveg í Reykjavík veist að Tyrfini Heimi Tyrfingssyni, kt. 050560-3099, með öxi að vopni og slegið hann tvö högg í höfuðið með öxinni, svo að Tyrfingur Heimir féll í gólfið, og slegið Tyrfing Heimi áfram nokkur högg, eftir að hann féll í gólfið. Afleiðingar árásarinnar urðu þær, að Tyrfingur Heimir hlaut brot á höfuðkúpu með lítilli blæðingu undir brotinu og tvö skurðsár vinstra megin á höfuð og eitt á vör“. Dómari taldi þessa háttsemi varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þá var ákærði einnig sakfelldur fyrir sex þjófnaði, sem framdir voru í júní- og júlímánuði sl., ýmist einn eða í félagi við aðra.

Dómfelldi hefur sætt gæsluvarðhaldi óslitið frá 21. júlí sl., þ. e. í 139 daga, en samkvæmt dóminum kemur gæsluvarðhaldsvistin til frádráttar refsingu.

Dómfelldi var ekki viðstaddur uppkvaðningu dómsins, en var birtur dómurinn, áður en þinghald þetta hófst. Þar lýsti hann yfir því, að hann tæki sér 28 daga umhugsunarfrest til áfrýjunar dómsins.

Samkvæmt 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað, að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan á fresti samkvæmt 1. mgr. 153. gr. sömu laga stendur. Frestur þessi er fjórar vikur. Gæsluvarðhald það, sem

dómfelldi hefur sætt til þessa dags, grundvallast á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framansögðu eru lagaskilyrði til að verða við kröfu ákærvaldsins. Með vísan til þess verður dómfellda gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gæsluvarðhald það, sem dómfelldi, Árni Ólafur Jónsson, sætir nú, skal haldast, meðan á fresti stendur, samkvæmt 1. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Frestur þessi rennur út mánudaginn 30. desember nk. kl. 14.10.

---